

Tillaga að breytingu á texta **14. gr.** laga HRÍ

Núgildandi texti lagagreinar :

Aðildarfélög greiða félagagjald til HRÍ sem er ákveðin upphæð fyrir hvern féлага. Félagagjöld eru ákveðin ár hvert á hjóltreiddaþingi. Gjaldstofn miðast við félagaskrá í skráningarkerfi ÍSÍ og UMFÍ, 1. apríl ár hvert eða fyrir fyrsta stigamót keppnistímabils. Hluti félagagjalds, sem nemur 50% af félagagjalda liðins árs, skal greiða fyrirfram 1. apríl ár hvert. Endanlegt uppgjör félagagjalda skal fara fram 1. ágúst ár hvert. Stjórn HRÍ er heimilt að meina þeim aðildarfélögum sem skulda félagagjald þátttöku í mótum á vegum HRÍ og jafnframt að meina meðlimum viðkomandi aðildarfélags sem skuldar félagagjöld þátttöku í opnum mótum. Tilkynna skal slíka ákvörðun viðkomandi hjóltreiddafélagi með a.m.k. viku fyrirvara.

Tillaga að breytingu :

Aðildarfélög greiða félagagjald til HRÍ sem er ákveðin upphæð fyrir hvern félagsmann. Félagagjöld eru ákveðin ár hvert á hjóltreiddaþingi.

Félagsmaður er skv. skilgreiningu reglugerðar ÍSÍ, sá "Félagsmaður í íþróttá- eða ungmennafélagi er hver sá sem greitt hefur félagsgjald til félagsins ásamt þeim sem stjórn félagsins samþykkir að skuli skrá sem féлага, en er undanþeginn greiðslu félagsgjalds af sérstökum ástæðum."

Gjaldstofn skal miðast við félagaskrá í skráningarkerfi ÍSÍ og UMFÍ, 15. apríl ár hvert, en það er sá frestur sem ÍSÍ setur hverju íþróttafélagi.

Endanlegt uppgjör félagagjalda skal fara fram fyrir 1. ágúst ár hvert.

Stjórn HRÍ er heimilt að meina þeim aðildarfélögum sem skulda félagagjald þátttöku í mótum á vegum HRÍ og jafnframt að meina meðlimum viðkomandi aðildarfélags sem skuldar félagagjöld þátttöku í opnum mótum. Tilkynna skal slíka ákvörðun viðkomandi hjóltreiddafélagi með a.m.k. viku fyrirvara.